

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi  
605 Akureyri

Reykjavík, 17. mars 2023  
UST202303-086/A.B.  
10.05.00

### **Efni: Umsögn – Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir stíg við strandlengjuna og torgsvæði – Skógarböðin - Eyjafjarðarsveit**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna göngustígar og stækkunar á torgsvæði við bílastæði Skógarbaðanna í Ytri-Varðgjár í Eyjafjarðarsveit.

Í greinargerð sem fylgir erindinu kemur fram að óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir stíg við strandlengjuna í landi Ytri-Varðgjár. Um er að ræða um 350 metra langan stíg til suðurs frá bílastæðunum við Skógarböðin. Stígurinn verður 3 metra breiður malarstígur með fyllingu og verður stígurinn lítið eitt yfir núverandi landhæð. Einnig kemur fram að stígurinn mun bæta aðgengi gesta um svæðið, fjöruna og skóginn. Þá mun stígurinn skapa góða og nauðsynlega tengingu fyrir gangandi vegfarendur milli Skógarbaðanna og fyrirhugaðs hótels sem stendur til að reisa sunnan Skógarbaðanna. Þá er mögulegt að stígurinn verði í framtíðinni hluti af fyrirhuguðum göngu- og hjólastíg sveitarfélagsins frá Þjóðvegi og inn austanverðan Eyjafjörð.

Þá er einnig sótt um að stækka torgsvæðið við bílastæði Skógarbaðanna við upphaf stígsins. Stækkunin verður á nýrri skeifulaga fyllingu sem mun ná að hámarki um 5 metra út fyrir núverandi fyllingu.

Svæðið er nú þegar raskað að hluta og manngert.

#### **Deiliskipulag**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ekki virðist ljóst hvort að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir svæðið en mikilvægt er að mati stofnunarinnar að svo sé. Einungis er skilgreindur gönguslóði á uppdrætti deiliskipulagsins og á bls. 13 í greinargerð segir að ekki sé gert ráð fyrir göngustíg.

#### **Votlendi**

Í greinargerð er gert ráð fyrir að torgsvæði sem verður á nýrri skeifulaga fyllingu sem mun ná að hámarki um 5 m út fyrir núverandi fyllingu og mun sú fylling raska

leirunum sem því nemur að mati Umhverfisstofnunar.<sup>1</sup> Leirurnar eru mikilvægt fæðusvæði fyrir fugla og er svæðið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.<sup>2</sup>

Leirurnar njóta einnig sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinganna, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta rask á votlendinu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á votlendinu.

Eins og gert er hér er skylt að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðinganna sem verða fyrir röskun.

### **Bakkagróður og fuglalíf**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Ákvæðið er lagt til

---

<sup>1</sup> <https://serstokvernd.ni.is/>

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/osholmar-eyjafjardarar>

Í ljósi þess hve mikilvægt þetta belti getur verið, bæði líffræðilega og vegna landslagsins.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að við gerð göngustígsins sé hugað að því að halda náttúrulegum bökkum lónsins óröskuðum og að fjarlægð frá þeim sé nægileg til að tryggja að ekki verði truflun á fuglalífi.

Þótt þetta belti sé ekki breitt (oftast fáeinir metrar) hefur það mikla líffræðilega þýðingu. Það viðheldur líffræðilega fjölbreytni, er mikilvægur felustaður og stundum varpstaður fyrir fugla og að auki búsvæði ýmissa smádyra. Bakkagróður getur dregið úr rofi og frá honum falla lífrænar leifar til vatnsins þar sem þær verða uppspretta næringarefna fyrir vatnavistkerfi.

Þá hefur þessi kragi oft mikið sjónrænt gildi í landslagi. Að mati Umhverfisstofnunar mun því rask á bakkagróðri, t.d. með grjótfyllingu, ekki einungis raska lífríkinu heldur einnig hafa áhrif á ásýnd svæðisins eins og grjótfylling við bílastæðið hefur. Einnig bendir stofnunin á að með því að leggja stíginn á fyllingu er öll aðlögun að landi gerð erfiðari.

### **Valkostir**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið skoði aðra valkosti varðandi staðsetningu á göngustígnum. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir göngustíg um svæðið sem hægt væri að líta til. Auk þess væri hægt að nýta göngustíg að Skógaböðunum að hluta. Einnig leggur stofnunin áherslu á eins og kemur fram að ofan að stígurinn sé fjær lóninu svo að hann raski ekki búsvæðum, fuglalífi og bakkagróðri.

### **Endurheimt**

Þar sem framkvæmdir á svæðinu hafa nú þegar raskað bakkagróðri og votlendi vill Umhverfisstofnun hvetja sveitarfélagið til að setja skilyrði um endurheimt á vistkerfum, lífríki og gróðri og öðrum mótvægisáðgerðum vegna framkvæmda á svæðinu.

### **Heildarsýn**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að unnin sé heildarsýn fyrir svæðið og sett fram skipulag þar sem heildar umhverfisáhrif séu metin. Skógarböðin hafa nú þegar verið byggð, lagður hefur verið vegur yfir lónið sem óljóst er hvort að sé í samræmi við skipulag sveitarfélagsins, hugmyndir eru uppi um hótél og nú er verið að vinna að framkvæmdaleyfi fyrir torg og göngustíg sem óljóst er hvort að sé í samræmi við deiliskipulag Skógarbaðanna.

Ef stígurinn verður ofan fjöruborðs, af hverju er þörf á fyllingu? Stofnunin telur að frekar ætti að reyna að koma þessu ofan í landið í stað þess að leggja stíginn á fyllingu sem gerir alla aðlögun að landi erfiðari.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Agnes Þorkelsdóttir

***sérfræðingur***